

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 233/2012

2013/EES/18/29

frá 7. desember 2012

um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn um samvinnu á sérstökum sviðum
utan marka fjórþætta frelsisins

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEDANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 911/2010 frá 22. september 2010 um evrópsku áætlunina um vöktun jarðar (hnattrænt eftirlit vegna umhverfis- og öryggismála (GMES)) og upphafsáðgerðir hennar (2011–2013) ⁽¹⁾ var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 139/2012 frá 13. júlí 2012 ⁽²⁾.
- 2) Frestun gildistöku reglugerðar (ESB) nr. 911/2010 að því er Ísland varðar skal felld úr gildi.
- 3) Bókun 31 við EES-samninginn breytist því til þess að uppsögn þessi geti öðlast gildi frá og með 1. janúar 2013.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Aðlögunarliður e) í 8. mgr. c í 1. gr. bókunar 31 við EES-samninginn falli brott.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins berst sameiginlegru EES-nefndinni ^(*).

Hún gildir frá og með 1. janúar 2013.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. desember 2012.

Fyrir hönd sameiginlegru EES-nefndarinnar

Atle Leikvoll

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 276, 20.10.2010, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 309, 8.11.2012, bls. 21, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 63, 8.11.2012, bls. 24.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.